

Reykjavík 30.11.2011

Skýrsla Fjölgunar-og útbreiðslunefndar

Nefndina skipa;

Sigurður Svavarsson, formaður
Guðbjörg B. Pálsdóttir, formaður kvennanefndar.
Gísli Árnason
Jakob Marinósson
Jón Óskar Þórhallsson
Sigurður Jóhannsson

Unnið er samkvæmt því skema sem umdæmisstjóri kynnti á Hornafirði. Sérstök kvennanefnd er starfandi undir formennsku Guðbjargar og reynum við að deila þeim aðferðum og upplýsingum sem gagnast geta báðum nefndum.

Nefndin hefur fundað nokkur skipti nú á haustdögum og hefur sent á kjörsvæðisstjóra og kjörforseta klúbbanna bréf sem þeir eru kvattir til að sjá til að málefnið komist á dagskrá þeirra. Viðbrögð hafa ekki verið mikil en þó hafa komið innlegg er innihalda góða punkta og er það vel. Verið er að vinna að taka nokkra punkta saman til að senda sömu aðillum sem hugsað er sem innlegg í kynningarefni fyrir þá.

Næstu skref hafa verið rædd án þess að niðurstaða þeirra umræðu liggi fyrir núna. Kvennanefndin er komin þar töluvert lengra án þess að ég viti nákvæmlega hvað hefur verið framkvæmt af þeim áætlunum.

Þá hefur undirritaður sótt svæðisráðsfundi í Freyju- og Ægissvæði fyrr í þessum mánuði og er mér ljóst að margir klúbbar eru að gera vel í þessum málum og eru fjölga, með málið á sinni dagskrá og eru með tilvonandi félaga í aðlögun um þessar mundir og ber að fagna því.

Miðað við þann tón sem ég hef heyrt er tilfinning mín að birta og jákvæði eigi sér stað og hljótum við að fagna því líka.

Endurnýjun og fjölgun í hreyfingunni er ekki ógn hennar heldur áskorun og tækifæri sem ber að reyna nýta.

Sigurður Svavarsson

